

8. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2011, haldinn 22. nóvember, kl. 14.00, í Flúðaskóla. 13. fundur kjörtímabilsins vegna Flúðaskóla.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Lára Bergljót Jónsdóttir og Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði og Kristín Erla Ingimarsdóttir, fulltrúi kennara.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra
2. Gjaldskrá vegna mótuneytis 2012
3. Gjaldskrá vegna skólasels 2012
4. Fjárhagsáætlun 2012
5. Ný reglugerð um skólasamfélag
6. Forfallakennsla
7. Skólaþing 2012
8. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Þann 26. október komu tónlistarmenn í heimsókn í tengslum við verkefnið „Tónlist fyrir alla“. Í þetta skipti var leikin tangótónlist og fengu krakkarnir að syngja með í nokkrum þekktum lögum.

Nemendur frá Grantofteskole komu í heimsókn til 10. bekkinga, 7. – 10. nóvember. Undanfarin ár hafa nemendur frá Grantofteskole komið til okkar að vori til en nú ákváðu þeir að koma heldur í upphafi vetrar í von um að fá að upplifa vetrarveður á Íslandi. Stíf dagskrá var frá morgni fram á kvöld hjá 10. bekkingum og Dönunum, þá þrjá daga sem þau dvöldu hér.

Nemendur og starfsfólk Flúðaskóla tók þátt í Degi gegn einelti með því að vinna að margvíslegum verkefnum til að vekja athygli nemenda á alvarleika eineltis.

9. og 10. bekkingar fóru á árlegan ML- dag þann 15. nóvember, þar sem nemendur fá kynningu á skólanum og keppt er í körfubolta og skák. Krakkarnir okkur unnu körfuboltann bæði hjá strákum og stelpum og náðu öðru sæti í skák. Dagurinn endaði á „Blítt og létt“ söngvakeppni ML.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í Flúðaskóla þann 16. nóvember og stóðu allir sig með stakri þryði. Ánægjulegt var að sjá hversu margir gáfu sér tíma til að koma til okkar og fylgjast með því frábæra starfi sem unnið er í skólanum. Nemendur voru með fjölbreytt atriði sem sýnd voru víðsvegar um skólann við mikla hrifningu áhorfenda. 9. bekkingar voru með kaffihús til fjáröflunar fyrir utanlandsferð næsta haust.

Stíll, hönnunarsamkeppni Samfés var haldin með pomp og prakt laugardaginn 19. nóvember. Alls tóku 55 félagsmiðstöðvar hvaðanæva af landinu þátt í keppninni. Þemað í ár var ævintýri. Zero bar sigur úr bítum. Verkefnið var unnið í skólanum, í val tímum hjá Sigríði Helgu og Helenu.

Nemendur í 8. – 10. bekk eru í dag í náms- og menningarferð í Reykjavík. 10. bekkur fer á Alþingi og 8. og 9. bekkur á söfn. Allir nemendur fara síðan saman á forvarnarleikrit (forvarnir o.fl.).

Elín Jóna er komin í fæðingarorlof, leitað var eftir forfallakennara fyrir hana en enginn fékkst, því hafa stjórnendur skipt á milli sín kennslutímum hennar. Að öðru leyti er starf hennar ekki mannað.

Samræmd próf í 4. og 7. bekk.

4. bekkur stóð sig mjög vel miðað við landsmeðaltal, en þar sem fjöldi nemenda í bekknum er undir 10 er ekki heimilt að birta niðurstöðurnar hjá þeim.

Samræmdar einkunnir 2011 á kvarðanum 1-10
Meðaltal eftir landshlutum í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk

	Íslenska		Stærðfræði	
	M	Sf	M	Sf
Reykjavík	6,6	1,4	6,8	1,7
Nágr. Reykjavíkur	6,5	1,3	6,8	1,6
Norðvesturkjördæmi	6,3	1,4	6,4	1,7
Norðausturkjördæmi	6,5	1,3	6,5	1,8
Suðurkjördæmi	6,2	1,4	6,5	1,8
<i>Landið allt</i>	<i>6,4</i>	<i>1,4</i>	<i>6,7</i>	<i>1,7</i>
Flúðaskóli	6,1		6,3	

2. Gjaldskrá mótuneytis 2012.

Farið var yfir tillögu að gjaldskrá mótuneytisins fyrir árið 2012. Lagt er til að gjald fyrir hádegisverð hækki úr 230 kr. í 255 kr. og hressing hækki úr 54 kr. í 58 kr. Samþykkt samhljóða að hádegisverður kosti 255 kr. og hressing 58 kr.

3. Gjaldskrá vegna skólasels 2012.

Í tillögu að gjaldskrá er m.a. lagt til að tímagjald vistunar hækki úr 220 kr. í 245 kr. og máltíðin hækki úr 84 kr. í 88 kr. Samþykkt samhljóða að tímagjald vistunar verði 245 kr. og gjald fyrir máltíð verði 88 kr.

4. Fjárhagsáætlun 2012.

Skólastjóri kynnti tillögu að fjárhagsáætlun fyrir skólann rekstrarárið 2012. Ljóst er að endurgreiðslur frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi koma til með að lækka umtalsvert vegna færri nemenda. Nemendafjöldi næsta haust verður 133. Í dag eru 152 nemendur við skólann.

Hlutfall barna með greiningu er hátt miðað við aðra skóla og fjöldi tvítyngdra barna er einnig mikill. Svigrúm til sameiningu bekkja er því takmörkuð að mati stjórnenda og þannig erfitt að draga saman launakostnað.

Í áætluninni er kostnaður við rekstur skólans fyrir árið 2012 áætlaður rúmar 192 milljónir. Árið 2010 kostaði rekstur skólans 173 milljónir og er áætlaður 181,5 milljónir árið 2011.

Fjárhagsáætlun Flúðaskóla fyrir árið 2012 samþykkt.

5. Ný reglugerð um skólasamfélag.

Formaður lagði fram til kynningar, reglugerð um skólasamfélag.

6. Forfallakennsla.

Formaður lagði fram til kynningar bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, en bréfið fjallar um forfallakennslu í skólum landsins. Samþykkt að vísa málinu til skólaráðs til frekari skoðunar.

7. Skólaþing 2012.

Formaður fór yfir stöðu mála vegna komandi skólaþings sem haldið verður eftir áramótin.

8. Önnur mál.

- a. Úttekt vegna stjórnunar. Gunnar spurði um stöðu mála vegna úttektarinnar. Formaður skýrði frá því að úttektaraðili hefur verið að afla upplýsinga. Gert er ráð fyrir fundi þann 21. desember n.k. með stjórnendum skólanna og fleirum sem málið varðar.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.30.